



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 1. mars 2022

Tilvísun: 2022030001

Tilvísun yðar:

Stöðuskýrsla verkefnahóps um yfirálag á landamærum, möguleg virkjun viðbragðsáætlunar á hættustig.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum sóttu 182 einstaklingar í 96 málum um alþjóðlega vernd á Íslandi í febrúar. Fjölmennasta þjóðernið voru einstaklingar með tengsl við Venesúela, 107 einstaklingar, en þar á eftir einstaklingar með tengsl við Palestínu, samtals 20 einstaklingar en umsækjendur um alþjóðlega vernd í febrúar skiptust á alls 15 ríkisföng. Ekki hafa fleiri einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd í einum mánuði á Íslandi frá því í nóvember 2016.

Af 182 umsækjendum í febrúar eru að minnsta kosti 132 án skráningar, “no hit”, í Eurodac sem er vísbending um að Ísland sé lokaákvörðunarstaður þeirra einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd. Rétt er að taka fram vegna fjölda umsókna á undanförunum dögum hefur ekki tekist að taka fingraför og ljósmyndir af öllum umsækjendum.

Þjóðerni þeirra einstaklinga sem eru “no hit” í Eurodac í mánuðinum eru Venesúela, Ekvador, Afganistan, Sýrland, Kólumbía, Jemen, Hondúras, Úkraína, Sómalía og Georgía. Af þeim einstaklingum sem sóttu um alþjóðlega vernd í febrúar höfðu 10 einstaklingar ekki lögmæt ferðaskilríki meðferðis, og því ekki hægt að fullyrða um ríkisfang þeirra. Af 96 málum í febrúar voru 29 stofnuð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en 67 hjá LSS.

Umsóknir frá einstaklingum með tengsl við Úkraínu voru samtals 16 í febrúar en umsóknirnar komu allar eftir 24. febrúar. Fjöldinn skiptist nokkuð jafnt á milli þeirra sem voru þegar á landinu og þeirra sem komu til landsins á síðustu dögum. Í nótt sem leið sótti 4 manna fjölskylda frá Úkraínu um alþjóðlega vernd á Keflavíkurflugvelli og eru umsóknir einstaklinga með tengsl við Úkraínu því orðnar samtals 20 síðan 24. febrúar.

Í 25 málum eru börn. Börnin eru ýmist hluti af fjölskyldu, börn í fylgd annarra en forráðamanna eða fylgdarlaus börn.

Umsækjendur í febrúar komu flestir með flugi frá Frankfurt eða 54 einstaklingar. 35 einstaklingar komu frá Kaupmannahöfn og 22 frá Amsterdam. Í 9 umsóknum hefur ekki tekist að rekja ferðaleið viðkomandi á leið sinni til Íslands.

Róðurinn hjá lögreglu og móttökukerfinu í heild sinni vegna fjölda umsókna um alþjóðlega vernd er orðinn ansi þungur. Síðustu daga febrúar mánaðar beið fólk svo klukkustundum skipti í anddyrinu að Bæjarhrauni 18 (móttökumiðstöð lögreglu og Útlendingastofnunar) og er listinn yfir þá sem þarf að kalla inn á næstu dögum til að ljúka við umsóknir þeirra

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

orðinn ansi langur. Þegar hefur beiðni verið send á þjónustusvið RLS þar sem óskað er eftir auknum búnaði svo að hægt sé að taka fingraför og ljósmyndir á tveimur vinnustöðvum í einu og er von á þeim búnaði á næstu dögum.

Útlendingastofnun hefur brugðist við auknu álagi vegna móttöku á einstaklingum sem sækja um alþjóðlega vernd með því að leigja þrjú hótél á höfuðborgarsvæðinu, samtals 129 herbergi, en hætt er við því að þau rými verði fullnýtt á næstu dögum og er því verið að leita að fleiri rýmum, ef þessi þróun heldur áfram. Óafgreiddum málum hjá Útlendingastofnun fjölgar hratt og eru núna 502 mál til vinnslu hjá stofnuninni. Til samanburðar þá voru 194 mál til vinnslu hjá stofnuninni í byrjun september 2021. Ljóst er að málshraðinn mun lengjast mikið ef ekki verður brugðist við þessari stöðu.

Ríkislögreglustjóri í samstarfi við hagaðila er nú að meta það hvort viðbragðsáætlun um yfirálag á landamærum verði virkjuð á hættustig.

F.h. RLS

Jón Pétur Jónsson
Sviðsstjóri landamærasviðs